

26. maí 2009
SI-52015

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 22. maí 2009, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál, stofnun hlutafélags, heildarlög.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir m.a. að það hafi verið lagt fram á síðasta þingi en hafi ekki orðið að lögum fyrir þinglok. Þá segir enn fremur að frumvarpið sé í meginatriðum óbreytt nema að tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda sem fram komu í nefndarálitum efnahags- og skattanefndar, auk þess sem gert sé ráð fyrir að félagið geti veitt fjármálaframtækjum sérhæfða ráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu sem unnið er að á þeim vettvangi.

Efnahags- og skattanefnd óskaði eftir umsögn Seðlabanka Íslands um fyrra frumvarpið sem ekki varð að lögum á síðasta þingi. Í umsögn sinni sem dagsett er 20. mars sl. og er meðfylgjandi lagði Seðlabankinn til að gerðar yrðu fjórar breytingar á því frumvarpi, en nefndin hefur aðeins fallist á eina þeirra, þ.e. að skerpa orðalag 2. mgr. 3. gr. um söluskyldu á eignarhlutum sem félagið hefur eignast.

Seðlabanki Íslands er hlynntur því að hið nýja frumvarp verði samþykkt en vísar að öðru leyti til umræddrar umsagnar bankans frá 20. mars sl. um fyrra frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygaard
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Fskj.: Afrit af umsögn Seðlabankans frá 20. mars sl.